



Forsætisnefnd

Reykjavík, 6. febrúar 2025

MSS25020004

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 4.2.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Flokks Fólksins um Elliðaárdal sem áfangastað

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að koma Elliðaárdalnum á framfæri sem góðum og áhugaverðum áfangastað og þannig væri hægt að skapa fleiri atvinnutækifæri í ferðaþjónustu í dalnum.

Greinargerð fylgir tillöggunni.

Vísað til meðferðar forsætisnefndar.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins leggur til að Elliðaárdalnum verði komið á framfæri sem góðum og áhugaverðum áfangastað. Það er staðreynd að flestir ferðamenn sem hingað koma eru fyrst og fremst að njóta náttúru Íslands. Elliðaárdalur er einstakt útvistarsvæði Reykvíkinga sem sameinar náttúrufegurð, sögu og fjölbreytta möguleika til útvistara. Hægt væri að kynna nokkurs konar hringferð um Elliðaárdalinn þar sem ferðamenn geta notið útvistar í hreinni og fallegri náttúru, skoðað Árbæjarsafn, Rafstöðina og notið þjónustu veitingahúsa og gætu svo lokað hringnum með sundlaugarferð í Árbæjarlaug sem státar af einstöku útsýni yfir Elliðaárdalinn og borgina. Fulltrúi Flokks fólksins sér fyrir að hægt væri að byrja á því að kynna þennan hring fyrir farþegum skemmtiferðaskipa. Í nýútgefinni skýrslu þar sem fjallað er um stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík er lögð áhersla á að beina gestum á mismunandi svæði innan borgarmarka til að dreifa álagi sem hlýst af komu farþega. Með því að gera Elliðaárdalinn að lifandi áfangastað sem sameinar náttúru, sögu og menningu væri hægt að skapa fleiri atvinnutækifæri í ferðaþjónustu í dalnum.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Borgarstjórn Reykjavíkur
4. febrúar 2025

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um Elliðaárdal sem áfangastað

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að koma Elliðaárdalnum á framfæri sem góðum og áhugaverðum áfangastað og þannig væri hægt að skapa fleiri atvinnutækifæri í ferðabjónustu í dalnum.

Greinargerð

Elliðaárdalur er einstakt útvistarsvæði Reykvíkinga sem sameinar náttúrufegurð, sögu og fjölbreytta möguleika til útvistar. Vel merktir stígar liggja um dalinn sem bjóða upp á fjölbreytta möguleika fyrir göngu-, hlaupa- og hjóreiðafólk.

Í dalnum má finna litla fossa sem eru einstaklega fallegir, má þar t.d. nefna Kermóafoss sem er ein af náttúruperlum svæðisins. Þetta er frábær viðkomustaður fyrir þá sem vilja njóta fallegs og friðsæls svæðis í miðri höfuðborg.

Í Elliðaárdalnum hefur nýlega verið opnað nýtt leiksvæði við hliðina á Rafstöðinni og þar hefur verið opnað kaffihús sem býður upp á útsýni yfir svæðið. Þetta er einstaklega vel heppnað leiksvæði og sér fulltrúi Flokks fólksins fyrir sér að þar væri hægt að bjóða upp á meiri þjónustu svo sem hjólateigu, sölubása og fleira. Þetta svæði býður upp á möguleika á að gera Elliðaárdalinn að lifandi áfangastað sem sameinar náttúru, sögu og menningu.

Elliðaárstöðin eða Rafstöðin eins og hún er oftast kölluð er afar merkilegt mannvirki í sögu Reykjavíkur. Hún var fyrsta vatnsaflsvirkjunin í borginni og gegndi mikilvægu hlutverki við að veita íbúum Reykjavíkur rafmagn á fyrstu áratugum 20. aldar. Byggingin var reist árið 1921 og er hún fallegt mannvirki sem hefur verið friðað og er í dag sögulegur minnisvarði og aðdráttarafl fyrir gesti. Það er líka fágætt að borg geti státað sig af því að hafa laxveiðiá í miðju borgarlandinu.

Nálægð Elliðaárdalsins við Árbæjarsafnið er ónýtt tækifæri en 40% gesta í Árbæjarsafn eru farþegar á skemmtiferðaskipum. Í nýlegri stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa er talað um að bæta dreifingu farþega um borgina og gæti hringferð um Elliðaárdalinn verið liður í því. Fulltrúi Flokks fólksins sér fyrir sér að hægt væri að kynna dagsferð í Elliðaárdalinn þar sem ferðamenn gætu notið útvistar í hreinni og fallegri náttúru, skoðað Árbæjarsafn, Rafstöðina og fleira. Hægt væri að loka hringnum með sundlaugarferð í Árbæjarlaug en hún skartar einstöku útsýni yfir Elliðaárdalinn og Reykjavík.